



Borgarráð

Tillaga öldungaráðs um aukið samráð til að bæta stöðu eldri innflytjenda á Íslandi

Á fundi öldungaráðs Reykjavíkur dags. þann 2. maí s.l. var lögð fram svohljóðandi tillaga öldungaráðs Reykjavíkurborgar:

Öldungaráð Reykjavíkur efndi á dögnum til ráðstefnu þar sem fjallað var um kjör aldraðra sem eru af erlendu bergi brotnir. Þar kom fram að kjör þessa fólks eru oft afar léleg. Það stafar ekki síst af því að aldraðir sem eru af erlendum uppruna eiga ekki rétt á tekjutryggingu nema aðeins að hluta til. Lagaákvæðin kveða á um að fólk fái fyrst fulla tekjutryggingu þegar það hefur búið á Íslandi í 40 ár. Framundan er mikil fjölgun aldraðra af erlendum uppruna af fyrstu, annari eða þriðju kynslóð. Það er nauðsynlegt að samfélagið allt, borg, ríki og samtök aldraðra búi sig undir það að þessu fólki fer fjölgandi. Telur öldungaráðið að borgin og Félag eldri borgara í Reykjavík þyrftu að efna til samstarfs við ríkið og önnur sveitarfélög um að móta stefnu og tillögur um það hvernig lífskjör aldraðra af erlendum uppruna verða öruggari en nú er.

Samþykkt að vísa tillögunni til borgarráðs

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir